



Reykjavík, 6. mars 2024
VEL23110005

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um sundurliðun tilvísana til skólaþjónustu*

Þann 1. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sundurliðun tilvísana til skólaþjónustu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um sundurliðun á málum/tilvísunum til skólaþjónustu. Nú eru 2380 börn á biðlista eftir sálfræðingi og talmeinafræðingum, ýmist í greiningu eða annað. Á haustdögum 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um sundurliðun á málum (tilvísunum frá skóla/foreldra til skólaþjónustu) sem vísað hefur verið til skólaþjónustu. Þá biðu um 1.600 börn á biðlista eftir fagfólki skólanna. Nú bíða 2012 börn á þessum sama lista. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á þessum málum (tilvísunum) með eftirfarandi hætti:

Hvað mörg börn bíða eftir greiningum, og þá hvernig greiningum?

Hvað mörg bíða eftir annars konar fagþjónustu?

Hversu löng hefur biðin verið hjá þeim sem hafa beðið lengst og hvað eru það mörg börn?

Hver er meðalbiðtíminn á biðlistanum?

Hversu líklegt er að börn komist að sem koma inn á listann í 9. eða 10 bekk?

Óskað er upplýsinga um hvort þau börn sem hafa beðið lengst hafi fengið þjónustu í samræmi við tilvísun?

Svar

Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og innleiðingu Betri borgar fyrir börn hjá Reykjavíkurborg er verið að breyta verk- og vinnulagi þegar kemur að stuðningi við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustuna og færa hana í auknum mæli inn í skólaumhverfið, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í miðstöðvum borgarinnar.

Lögð er áhersla á að beita snemmtækum stuðningi um leið og foreldrar og starfsfólk skóla verða áskynja að þess sé þörf. Auk þess sem unnið er í auknum mæli með skólunum við að bæta innra stoðkerfi sitt með markvissari lausnaleyti og lausnateymum, þannig að hægt sé að koma til móts við þarfir barna fyrr. Með því móti minnkar áhersla á greiningar og þau börn sem eru með vægari frávik fá aðstoð í nærumhverfi sínu. Þeim börnum sem þurfa ítarlegri inngrip er vísað á miðstöð, en fá snemmtækan stuðning á meðan beðið er.



Reykjavík



Stefnt er að því að með breyttu fyrirkomulagi Betri borgar fyrir börn sé betur komið til móts við þarfir barna en áður hefur verið. Auk þess hefur úthlutunarkerfi skólanna verið breytt og því er lögð minni áhersla á greiningar en áður.

Þann 1. febrúar 2024 eru samtals 883 börn á biðlista eftir vitsmuna- og málþroskagreiningum, að teknu tilliti til skörunar í þeim tilvikum þegar barn bíður eftir fleiri en einni greiningu. Í töflu 1 má sjá að 724 börn bíða eftir þjónustu sálfræðings en 209 eftir þjónustu talmeinafræðings. Einnig má sjá samanburð á milli ára 2023 og 2024.

TAFLA 1

Fjöldi barna sem bíða eftir greiningum sálfræðinga og talmeinafræðinga 1. febrúar árin 2023 og 2024

Tegund fagþjónustu	1.2.2023	1.2.2024
Sálfræðingur	668	724
Talmeinafræðingur	165	209
Fjöldi barna samtals, með tilliti til skörunar	796	883

Þann 16. febrúar 2024 eru 848 börn á bið eftir skólaþjónustu. Í töflu 2 má sjá hvernig biðlistinn skiptist eftir tegund þeirrar fagþjónustu sem beðið er. Flest eru að bíða eftir þjónustu sálfræðings og talmeinafræðings eða samtals 672 börn, þegar tekið er tillit til skörunar.

TAFLA 2

Fjöldi barna á bið eftir skólaþjónustu 16. febrúar 2024, skipt eftir tegund fagþjónustu

Tegund fagþjónustu	Fjöldi barna
Félagsráðgjafi	65
Hegðunarráðgjafi	86
Kennsluráðgjafi	20
Sálfræðingur	398
Sérkennsluráðgjafi	22
Talmeinafræðingur	304
Annað	24
Fjöldi barna samtals, með tilliti til skörunar	848





Ef biðlistinn er skoðaður m.t.t. hversu löng biðin hefur verið má sjá að langflestir hafi beðið skemur en 1 ár.

TAFLA 3

Fjöldi barna á sem bíða skólaþjónustu 16. febrúar 2024, skipt eftir biðtíma og tegund fagþjónustu

Tegund fagþjónustu	Minna en 1 ár	1-<2 ár	Samtals
Félagsráðgjafi	57	8	65
Hegðunarráðgjafi	80	6	86
Kennsluráðgjafi	19	1	20
Sálfræðingur	349	49	398
Sérkennsluráðgjafi	18	4	22
Talmeinafræðingur	257	47	304
Annað	24	0	24
Fjöldi barna samtals með tilliti til skörunar	736	112	848

Í töflu 4 er að finna upplýsingar um biðtíma eftir skólaþjónustu, en hann er 5,1 mánuður að meðaltali nú 16. febrúar 2024.

TAFLA 4

Meðalbiðtími þeirra sem bíða skólaþjónustu 16. febrúar, skipt eftir tegund fagþjónustu

Tegund fagþjónustu	Meðalfjöldi mánaða
Félagsráðgjafi	4,2
Hegðunarráðgjafi	3,9
Kennsluráðgjafi	2,2
Sálfræðingur	4,9
Sérkennsluráðgjafi	4,6
Talmeinafræðingur	5,8
Annað	4,4
Samtals	5,1

Ef skoðaður er meðalbiðtími þeirra sem nú þegar hafa fengið þjónustu, kemur í ljós að á árunum 2022 og 2023 er meðalbiðtími um 6 mánuðir.

TAFLA 5

Meðalbiðtími í mánuðum við lok þjónustu árin 2022 og 2023, skipt eftir þjónustupáttum

Tegund fagþjónustu	2022	2023
Félagsráðgjafi	4,5	3,5
Hegðunarráðgjafi	3,1	3,1
Kennsluráðgjafi	3,8	4,8
Sálfræðingur	5,7	5,9
Sérkennsluráðgjafi	11,7	10,1
Talmeinafræðingur	7,7	7,2
Annað	10,9	6,8
Samtals	6,3	6,0



Reykjavík



Á árinu 2023 var 2.699 börnum veitt þjónusta og henni lokið. 43% þessara þjónustubeiðna bárust skólaþjónustunni á árinu 2023.

TAFLA 6

Fjöldi barna skipt eftir tegund fagþjónustu sem var lokið á árinu 2023

Tegund fagþjónustu	Fjöldi barna
Félagsráðgjafi	154
Hegðunarráðgjafi	229
Kennsluráðgjafi	138
Sálfræðingur	1.699
Sérkennsluráðgjafi	137
Talmeinafræðingur	678
Annað	37
Fjöldi barna með tilliti til skörunar	2.699

Greiningarbeiðnir þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert vegna barna í 10. bekk svo hægt sé að tryggja að greiningarvinnu sé lokið fyrir skólalok.

Skv. verklagi miðstöðva er gerð forathugun á öllum tilvísunum sem berast innan 4-6 vikna. Í forathugun er farið yfir þau atriði sem verið er að óska eftir og þeim komið í réttan farveg. Því verður að ætla að börn fái þjónustu í samræmi við tilvísun.

Tekið skal fram að könnun meðal foreldra barna sem hafa fengið skóla- og/eða velferðarþjónustu hefur verið framkvæmd. Áhersla er á að gera slíkar notendakannanir í auknum mæli með það fyrir augum að heyra raddir þeirra sem þjónustunnar njóta og bregðast við því sem betur má fara.

